

Nd. 929. Frumvarp til laga [501. mál]

um breyting á lögum nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

VIII. kafli laganna, **Um verðbætur á laun**, 48. til 52. gr., fellur niður. Jafnframt falla úr gildi hvers konar ákvæði kjarasamninga sem byggja á framangreindum lagaákvæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu lagafrumvarpi er gerð tillaga um að fella úr gildi ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl., nr. 13/1979, um verðbætur á laun. Þessi ákvæði hafa ekki verið virk nú um tveggja ára skeið, en öðlast að óbreyttu gildi á ný 1. júní n. k., þegar bann laga um launamál, nr. 71/1983, fellur úr gildi.

Í samkomulagi stjórnarflokkanna um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum, sem kynnt var 6. september í fyrra, var því lýst yfir að bann við verðtryggingu launa yrði framlengt að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Nú að undanfögnu hafa átt sér stað viðræður við ýmis samtök á vinnumarkaðnum. Í þeim viðræðum var óskað eftir að bannið við verðbótum yrði ekki framlengt, en þessi þáttur launaákvörðunar yrði eins og önnur launakjör á ábyrgð samningsaðila. Ríkisstjórnin hefur fallist á það sjónarmið og ákveðið að beita sér fyrir því að það nái fram að ganga.

Það er grundvallaratriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að aðilar vinnumarkaðarins beri sjálfir ábyrgð á samningum um kaup og kjör. Engu að síður er það álitamál, hvort heimila eigi sjálfvirka tengingu launa við verðlag. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að verðtenging launa sé óæskileg, enda slæm reynsla af henni hér á landi og víðar. Þó vill ríkisstjórnin láta á það reyna í ljósi þeirra viðræðna sem átt hafa sér stað við ýmis samtök launafólks og atvinnurekenda að undanfögnu, hvort samningar geti tekist um kaup og kjör á vinnumarkaðnum sem stuðli í senn að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og jafnvægi í efnahagslífinu, án þess að bann við vísitölutengingu launa sé í lögum. Þegar öllu er á botninn hvolft er það mikilvægasta verkefnið nú að skapa jafnvægi í efnahagslífinu til lengri tíma sem er skilyrði hagvaxtar og um leið betri lífskjara og aukins kaupmáttar.

Samfara niðurfellingu kaflans um verðbætur á laun í 1. nr. 13/1979 er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um að ákvæði um verðbótageiðslur falli úr öllum samningum. Með þeim hætti er tekinn af hugsanlegur vafi um eldri ákvæði kjarasamninga og tryggt að samningsaðilar hafi óbundnar hendur að þessu leyti í komandi samningagerð.